

FÉLA1SF05

Búið til: Thu, 15 May 2014 14:14:01 GMT

Titill

Fjölmiðlafræði á starfsbraut

Skammstöfun

FÉLA1SF05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

fjölmiðlafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Valáfangi í félagsfræði á starfsbraut þar sem áhersla er á samræðu, jákvæð samskipti og samstarf. Náminu er ætlað bæta skilning á félagslegum fyrirbærum sem hafa áhrif á daglegt líf nemenda og auka hæfni þeirra í að fylgjast með og skilja fréttir. Fjölmiðlar, einkum dagblöð og netmiðlar, notaðir sem kveikjur, og upplýsingabrunnur. Áhersla á að auka færni nemenda í að tjá sig munnlega og skriflega, koma skoðunum sínum á framfæri, hlusta á aðra og taka þátt í samræðu og samstarfi.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig fyrirbærið fjölmiðill virkar
- helstu dagblöðum og netmiðlum landsins
- mikilvægi mynda og texta með þeim í fjölmiðlum
- hvernig nálgast má fróðleik og fjölbreyttar upplýsingar í fjölmiðlum
- hvernig fólk skiptist á skoðunum og ræðir mál í fjölmiðlum
- mikilvægi jákvæðni sem undirstöðu góðra samskipta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta dagblöð og netmiðla til að afla sér almenns fróðleiks
- nýta dagblöð og netmiðla til að dýpka skilning á sérstökum hugðarefnum
- setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær í samtali við aðra
- bregðast við skoðunum annarra með málefnalegum hætti
- sýna samhug og bæta andrúmsloft með jákvæðri framgöngu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina milli fréttar, slúðurs og auglýsinga

- leggja mat á trúverðugleika frásagna í fjölmiðlum
- skrifa stuttar frásagnir um hugðarefni sín
- tjá skoðanir sínar og bregðast málefnalega við skoðunum annarra
- bæta samskipti með jákvæðum athugasemdum og hrósi

Námsmat

Símat fer fram alla önnina. Grunnur einkunna er úrlausn verkefna, bæði vikulegra verkefna og annarra verkefna, kynninga og umræðna í tímum.

Skólar

Fyrirmynd